

## 1. Stjórnarfundur Andvara 2011 – 2012

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 13. desember

Mætt voru *Erla Guðný Gylfadóttir, Geirprúður Geirsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Sigfús A. Gunnarsson og Sigurður Helgi Ólafsson*

### Dagskrá fundarins

#### 1. Öryggismyndavélar.

Málið er enn í vinnslu.

#### 1. Fyrirspurnir sem komu fram á Aðalfundi

Mæting á aðalfund félagsins var svipuð og undanfarin ár. Stjórnin ætlar að leggja á tillögu fyrir næsta aðalfunda að breyta bókhaldsári félagsins í 1. janúar – 31. desember og halda aðalfund félagsins þá í lok janúar eða byrjun febrúar.

Eignarhald á hrossum og keppnisrétt fyrir Andvara á stórmótum. Erla Guðný ætlar að kanna þessi mál hjá LH

Lagfæringum á keppnisvöllum og umhverfi þeirra. Ákveðið var að ráðast í lagfæringar með vorinu

Gámur fyrir baggaplast og Rusl:

Sigurður tekur að sér að leita eftir tilboðum í að fá gáma í hverfin til að taka baggaplastið og kannski eitthvað annað rusl.

Reiðleiðir og umferð gangandi fólks. Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við fólki sem býr í nágrenninu. Hrafnhildur tekur að sér að semja pistil um það og fá hann birtann í bæjarblöðum Kópavogs og Garðabæjar

Reiðhöll. Ákveðið var að reyna útbúa bráðabirgaðraðstöðu inni í reiðhöllinn fyrir börn og unglinga sem eru að bíða eftir að námskeiðin þeirra byrji. Vestanverðu.

#### 3. Dómpallur.

Lagfæringar á dómpalli eiga að vera búnar fyrir vorið

#### 4. Dagskrá Andvara.

Ingibjörg tók að sér að senda póst á nefndir sem starfa á vegum félagsins til að fá dagsetningar á viðburði á þeirra vegum. Sigurður Helgi ætlar að sjá um að sameina dagskrá vetrarins til prentunar.

#### 5. Lyklamál félagheimili

Innkalla á lykla af félagshemilinu til að breyta þeim og takmarka fjölda þeirra sem hafa lykla

#### 6. LH þing

Rætt var um val á fulltrúum félagsins á næsta LH þing og var ákveðið að taka ákvörðun um það fljótlega eftir áramót til að byrja á undirbúningi

## **7. Félagatal.**

Stjórn hvetur hestamenn sem eru á svæðinu að ganga í félagið. .

## **8. Styrktaraðilar Andvara**

Ákveðið var að leita til Vífilfells um endurnýjun á styrktarsamningi við félagið.

## **9. Önnur mál**

Hitaveita. Ræddar voru hugmyndir um að fá hesthúsaeigendur til að sækja um hitaveitu

Rætt var að við verðum að vera duglegri við að gera okkur sýnileg t.d með því að senda fréttir í Garðapóstinn

Æskulýðsdeildin ætlar að gera samning við spónn.is um sölu á spæni á félagssvæðinu. Ágóðinn af því yrði notaður til að niðurgreiða námskeið

Framkvæmdir á reiðvegum Kjóavalla hafa mikil óþægindi í för með sér og hafa borist kvartanir frá félagsmönnum þess vegna. Stjórnin hefur fullan skilning á því en vill biðja fólk að fara varlega og samkvæmt samningum eiga þessar framkvæmdir að vera búnar um áramót.

Sigfús ætlar að hafa samband við Garðabæ um að ryðja meira en bara Kjólavallahringinn þegar það er snjór.

Rekstrarhringurinn verður settur upp við fyrsta tækifæri.

Fundi slitið.